

Ed.

409. Nefndarálit

um frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég er sammála flutningsmönnum frumvarps þessa og öðrum þeim, er frumvarpinu vilja fylgja, um það, að rikissjóður muni þurfa á miklu fé að halda að ófriðnum loknum, eða ef til vill fyrr, til þess að hlaupa undir baggann, þegar versnar í ári. En ég fæ ekki séð, að á neinn hátt sé búið í haginn fyrir þetta með frumvarpinu, allra sízt eins og það liggur nú fyrir eftir breytingar þær, sem gerðar voru á því í Nd. Fé rikissjóðs er hvort sem er geymt í banka, og Alþingi hefur svipaðan ráðstöfunarrétt yfir því, hvort sem nokkur hluti af því er kallaður sérstöku nafni eða ekki.

Ég legg því til, að frumvarpi þessu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 13. maí 1942.

Magnús Jónsson,
form.